

Gildaskálinn

Kirkjustræti 2




Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs, stóð fyrir leiksýningum í Gildaskálanum árið 1854. Það var í fyrsta skipti sem aðgöngumiðar voru seldir að leiksýningum á Íslandi. Á sviðinu var nýlegur danskur gamanleikur, *Pak (Skríll)*.

Reykjavík var leikhúslaus bær til 1850. Þá eignaðist hann í fyrsta skipti hús þar sem mátti koma upp leiksýningum með þokkalegu móti. Að vísu var ekkert fast svið í húsinu, heldur var öll slík aðstaða þar aðeins til bráðabirgða. Þetta var tvílyft timburhús, reist við suðurenda Aðalstrætis (á lóð Herkastalans) norðan við hið gamla klúbbhús bæjarins. Húsin voru í fyrstu aðskilin, en fljótlega felld saman í eina heild. Þarna var rekið veitinga- og gistihús um tíma, en reksturinn gekk ekki vel og á árunum 1866 – 1884 starfaði fyrsta sjúkrahús bæjarins á efri hæðinni. Veitingastarfsemi, dansleikir og veislur lögðust þó ekki af á neðri hæðinni, en mjög dró úr sjónleikhaldi eftir að spítalinn kom til sögunnar. Þó var leikið þarna nokkrum sinnum í kringum 1880.

Veruleg gróska færðist ekki í leiklistarstarfið fyrr en á árunum í kringum 1860. Það var ekki síst að þakka Sigurði Guðmundssyni málara. Fagmennska hans í leikmynda- og búningagerð kom að góðum notum og sjálfur hvatti hann ung skáld óspart til að semja leiki í þjóðlegum anda. Frægasta sýning í sögu Gildaskálans var frumsýningin á *Útilegumönnum* Matthíasar Jochumssonar árið 1862.



Matthías Jochumsson.



Sigurður Guðmundsson málari.



Tableaux - „lifandi mynd“ eftir Sigurð málara. „Lifandi myndir“ voru uppstillingar með leikendum í búningum sem vöktu mikla athygli á sviði Gildaskálans.

